


Alþingi
Eriandi nr. Þ 127/1197
komu dagur 13.3.2002



Alþingi
landbúnaðarnefnd Alþingis
v/Austurvöll
150 Reykjavík

11. mars 2002
004. TB

Efni: Frumvarp til laga um varnir gegn landbroti

Vísað er í bréf frá landbúnaðarnefnd Alþingis, dags. 25. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúruverndar ríkisins um frumvarp til laga um varnir geng landbroti, 504. mál.

Tilgangur framangreinds frumvarps er fyrst og fremst að koma í veg fyrir tjón á ákveðnum landkostum eða öðrum verðmætum svo sem mannvirkjum. Lögin fjalla um hvernig og hver eigi að bregðast við eftir að vandamál vegna landbrots kemur upp. Frumvarpið skilgreinir engin ákveðin markmið til að ná tilgangi laganna. Náttúruvernd ríkisins telur eðlilegt að fram komi í frumvarpinu að markmið laganna sé einnig það sama og Vatnalaga nr. 15/1923 þ.e. að "Vötn öll skulu renna sem að fornu hafa runnið." Til að ná þessu markmiði, samfara þeim tilgangi að verjast landbroti, telur stofnunin að gera þurfi betur grein fyrir ábyrgð framkvæmdaáðila á að tekið sé tillit til náttúrulegra breytinga á t.d. straumvötnum við skipulagningu framkvæmda. Í framtíðinni hlýtur að þurfa að meta hvort fara á í varnir gegn landbroti m.t.t. til þessa. Ef litið er á skilgreiningu á orðinu nytjaland í 2. gr. frumvarpsins er sérstaklega tekið fram að það sé land sem er notað til þaulræktar eða skógræktar. Samkvæmt nýjum lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni er gert ráð fyrir stórum svæðum undir skógrækt á næstu fjórtíu árum. Náttúruvernd ríkisins telur eðlilegt að gerð sé krafa um að stór verkefni, sem seinna verða skilgreind sem nytjaland, séu skipulögð þannig að gert sé ráð fyrir, þar sem það á við, eðlilegum breytingum á farvegum vatna en ekki að farvegir vatna séu mótaðir eftir verkefninu. Þetta þarf að koma skýrar fram í framangreindu frumvarpi. Það hefur margoft sýnt sig, sérstaklega með straumvötn, að fyrirhleðsla á einum stað kallar oft á aðrar fyrirhleðslur og svo kolli af kolli auk þess sem að oft spila inn í ólíkir hagsmunir. Með því að gera auknar kröfur um framangreint telur Náttúruvernd ríkisins að koma megi veg fyrir óþarfa landspjöll.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
sviðsstjóri

NÁTTÚRUVERND RÍKISINS / NATURE CONSERVATION AGENCY
SKÚLAGATA 21, 101 REYKJAVÍK, ÍSLAND

SÍMI / PHONE: (+354) 570 7400 FAX: (+354) 570 7401 NETFANG: natturuvernd@natturuvernd.is
HEIMASÍÐA: <http://www.natturuvernd.is> KENNITALA: 441096-2409

Náttúruvernd ríkisins